



Jórunn Elíadóttir

„... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...“

Tvímennningarlegur heimur ættleiddra barna

► Um höfund ► Efnisorð

Börn sem ættleidd eru til Íslands erlendis frá koma frá mörgum þjóðlöndum og úr ólíkum áttum. Þau eiga aftur á móti sameiginlegt að alast upp án líffræðilegra foreldra og fjarri fyrri heimaslóðum. Talið er mikilvægt fyrir börnin að þau haldi nokkrum tengslum við upprunalandið, að tengslin efli skilning barnanna á ættleiðingarferlinu og stuðli að þroska jákvæðrar sjálfsmýndar. Í greininni er fjallað um tvímennningarlega félagsmótun ættleiddra barna og rýnt í fræðin til að skýra og skilgreina hvað átt er við þegar fjallað er um þessi málefni. Kynnt er rannsókn þar sem rafræn spurningakönnun var send til tíu telpna sem allar voru ættleiddar frá Kína. Þær voru meðal annars spurðar um uppruna sinn og tengsl við upprunalandið. Með rannsókninni var leitast við að skilja hvað telpurnar telja mikilvægt við þau tengsl og uppruna sinn og greina hvað þeim finnst um að vera ættleiddar frá Kína. Í rannsóknum á undanförunum árum hafa komið fram sterkar vísbendingar um að foreldrar ættu að huga að tvímennningarlegri félagsmótun en hver og einn þarf að finna þær leiðir og áherslur sem henta hverri fjölskyldu. Álykta má af rannsókninni að margt sem snertir upprunann sé mörgum ættleiddum börnum ofarlega í huga. Með frekari rannsóknum má átta sig betur á þessu og varpa frekara ljósi á möguleika fóligna í tvímennningarlegri félagsmótun.

“... I was born in China but I live in Iceland, I'm adopted and I'm proud of it ...”: The bicultural world of adopted children

► About the author ► Key words

Over 600 children have been adopted internationally to Iceland. They come from many different countries, but the largest groups are from India and China. What these children have in common is that they were abandoned by their biological parents and adopted from their country of birth. It is regarded valuable to keep some ties with the country of origin and considered important for the child's ability to understand the process of adoption and to develop a positive identity rooted in two cultures. The article focuses on the bicultural socialization of adopted children by exploring research and theoretical perspectives to explain and define what we mean when dealing with these issues. The discussion regarding bicultural socialization and adopted children has not been significant in Ice-

land. Nevertheless, this is an issue that touches most of those who adopt children from other countries than Iceland. When the child seems to have a different racial background than its parents and even siblings, issues related to identity and identifying with others are of matter to the child's well-being. Ethnic and cultural exploration is one path to develop an understanding of how and why these children are different from others, a way to build personal biographies that bring together adoption, race, and national origin (Tessler and Gamache, 2006).

The aim of the study introduced in this article was to gain insight into the opinions and attitudes of girls adopted from China on the topic of their connection with China and their origins and their experience of being adoptees from China. The participants, ten girls, seven to nine years old, were sent an electronic questionnaire and asked about various details of their origin and relationship with China. They could also write comments if they liked and add more details to their answers. The results show that issues concerning their country of origin are of great interest to all the girls. Also they regard it as important to keep in touch with other adopted peers, specially other girls who came in the same group from China, defined as their China-sisters. The connection with China seems to be a valuable part of the girls' identity. The girls participate in various events which might be described as cultural experiences and entertainment. They express an interest in taking part in events and leisure activities which have to do with China or Chinese culture and say that it is very important to learn about the country. The majority of the girls claim that they are proud of being from China, despite being teased because they look different. Only one girl describes herself as "only Icelandic"; the other nine define themselves as both Icelandic and Chinese. Hence one can argue that the Chinese ethnicity is an important component in the girls' life. The study indicates that the parents are active in maintaining contact with the country of origin, which harmonizes with a study among Icelandic parents of adopted Chinese children. According to another study (Jórunn Elíðóttir, 2010) the parents of adopted Chinese children consider it important for the children to maintain a connection with their former homeland and the majority of the parents have the means to maintain this relationship. Adopted children are unique in that they do not themselves form a connection with their country of origin. It is the parents who choose and decide the connection, priorities and approaches.

The conclusion drawn from the study and an examination of the issues and related research is that the debate about the origin, race and other allied issues is highly relevant for transracial adopted children (Juffer og van Ijzendoorn 2007; McGinnis, Smith, Ryan og Howard, 2009). Following that line of reasoning the author argues that parents must consider how much and in what way they want to maintain a connection with their adopted children's country of origin. Parents must consider those matters and in what way they will support the child's racial/cultural identity. The bearing of bicultural socializations cannot be stated in such a small study. However, the study provides insight into the girls' opinions and feelings and provides a notable picture of their interests regarding China and of being adopted. Bicultural socialization has been viewed as an issue which adoptive parents need and should take into account; nevertheless, each family must find the ways and stance to suit their needs. A route selected with care and by explicit thought will most likely help to strengthen the child's identity and self-awareness.

Inngangur

Í þessari grein og rannsókn sem hún segir frá er athygli beint að tvímenningarlegri félagsmótun ættleiddra barna og tengslum þeirra við upprunalandið en um það efni hefur lítið verið fjallað hér á landi. Höfundur á telpu ættleidda frá Kína og áhugi á þessu málefni vaknaði í kjölfar ættleiðingar, þegar takast þurfti á við margvíslegar spurningar, sjónarmið og uppeldislega þætti í daglegu lífi, en ætla má að umfjöllun um tvímenningarlega félags-

„... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...“: Tvímennningarlegur heimur ættleiddra barna

mótun eigi erindi við alla sem standa í svipuðum sporum. Fræðileg umræða greinarinnar tekur mið af því og snertir nokkra af þeim þáttum sem hafa verið rannsakaðir undanfarin ár og varða þennan málaflokk. Jafnframt eru kynntar niðurstöður rannsókna þar sem rafhæfningakönnun var send til tíu telpna á Íslandi sem allar voru ættleiddar frá Kína. Markmið rannsóknarinnar var að fá innsýn í viðhorf telpnanna til tengsla við Kína og upprunans þar og reynslu þeirra af því að vera ættleiddar þaðan. Í rannsókninni er sjónum beint að litlum hópi telpna en telja verður líklegt að margt af því sem hún leiðir í ljós um telpnarnar tíu geti einnig átt við um önnur ættleidd börn og fjölskyldur þeirra. Ættleiðingar milli landa hafa aukist mikið síðastliðinn áratug og hópur ættleiddra barna er nokkuð fjölmennur í mörgum löndum (Tessler, Tuan og Shiao, 2011). Til Íslands hafa verið ættleidd yfir 600 börn. Byrjað var að ættleiða börn frá Kína árið 2002 og í nóvember 2013 hafði 171 barn verið ættleitt þaðan. Árlega hafa að jafnaði verið ættleidd til landsins um fimmtán börn af erlendum uppruna en ættleiðingum hefur fækkað síðustu ár. Í nóvember 2013 höfðu átta börn verið ættleidd á því ári með milligöngu Íslenskrar ættleiðingar; fjögur frá Tékklandi, eitt frá Tógo og þrjú frá Kína (Hagstofa Íslands 2008; Íslensk ættleiðing, vefpóstur, 22.11. 2013).

Tvímennningarleg félagsmótun

Rannsóknir á undanförunum árum hafa sýnt að viðhorf til uppruna og vitund um þjóðerni hafa áhrif á líðan og sjálfsmynd ættleiddra barna. Með sjálfsmynd (e. *identity*) er hér átt við vitund eða hugmynd barns um sjálf sig, bæði sem einstaklings og í félagslegu samhengi. Með þjóðernisvitund (e. *national identity*) er átt við þekkingu á uppruna með tilliti til þjóðernis eða annarra hliðstæðra þátta og sú vitund er talin mikilvægur hluti af sjálfsmynd. Fram hefur komið í rannsóknum að þörf væri á að rannsaka betur hvernig kynþáttamiðuð eða þjóðleg sjálfsmynd (e. *racial/ethnic identity*) ættleiddra barna mótast en með hugtakinu kynþáttur (e. *race*) er gjarnan vísað til litarháttar og annarra erfðafræðilegra auðkenna auk menningarbundinna þátta. Efla þurfi rannsóknir á félagsmótun (e. *socialization*) barna sem eru ættleidd milli landa eða kynþátta (e. *transracial adoption*) og hlutverk foreldra við uppeldi barnanna í því ljósi (sjá m.a. Costigan, Koryzma, Hua og Change, 2010; Juffer og Tieman, 2009; Palacios og Brodzinsky, 2010; Thomas og Tessler, 2007).

Félagsmótun ræðst af mörgum þáttum sem hafa áhrif á líf einstaklinga og móta þá á ýmsan hátt. Sem dæmi má nefna tungumál, venjur, siði og samskipti. Sú félagsmótun sem á sér stað fyrsta hluta ævinnar er talin mikilvægust og mest mótandi en á þessu tímabili er lagður grunnur að öllum frekari þroska einstaklingsins. Fjölskyldan er jafnan mikilvægasti félagsmótunaraðili barna en hún leggur grunn að öryggiskennd og sjálfstrausti þeirra sem er mikilvægur hluti í þróun sjálfsmyndar (Berk, 2005; Garðar Gíslason, 2008). Áhugi rannsakenda á uppeldi og félagsmótun ættleiddra barna, hefur beinst að þáttum á borð við viðhorf foreldra til uppruna barnsins og fyrri heimkynna eða gildi þess fyrir ættleidd börn af erlendum uppruna að rækta einhver tengsl við upprunalandið og ýmsum atriðum sem lúta að tvímennningarlegri félagsmótun (e. *bicultural socialization*). Í stuttu máli má segja að hún felist í kynnum af menningu, tungumáli og lífsháttum tveggja ólíkra menningarhópa (Thomas, 1986).

Tvímennningarleg félagsmótun felur hér í sér að ættleidd börn mótast af menningu síns heimalands en fá að auki viðunandi eða haldbæra þekkingu um upprunalandið á þann hátt að barnið verður sátt við sjálf sig og þá menningarlegu breidd sem slík áhersla hefur í för með sér (Scherman, 2010; Scheunemann, 2011). Með slíkri tengingu verða börn og unglingar tvímennningarleg og öðlast ákveðna færni og þekkingu í tveimur heimum (Juffer og van Ijzendoorn 2007; McGinnis, o.fl., 2009). Tvímennningarleg félagsmótun felst einnig í því hvernig foreldrar tala um upprunann, sérkenni eða menningu sem tengist honum og

það að eiga ættleitt barn. Þetta er talið skipta miklu fyrir börnin (Högsberg og Buch-Illing, 2012; Randolph og Holtzman 2010).

Til eru rannsóknir sem sýna að tengsl við upprunalandið skipti máli og jákvætt sé að foreldrar vinni að því að efla tengslin innan hóflegra marka. Tvímenningarleg félagsmótun grundvallast á þeirri hugmynd að hægt sé að byggja brú milli tveggja menningarheima snemma í lífi barnsins og að það geti auðveldað því að verða sátt við og stolt af uppruna sínum. Þessi leið krefst þess að barnið fái tækifæri til að læra um hversdagslega hluti í menningu þess lands sem það kemur frá, svo sem hátíðir, siði, listir, matreiðslu, tungumál og fleira og þar skiptir hlutur foreldra miklu máli (Scherman, 2010; Scheunemann, 2011; Thomas og Tessler, 2007).

Í rannsókn meðal íslenskra foreldra kínverskt ættleiddra barna kom fram að þeir eru mjög áhugasamir um að rækta tengsl við uppruna barnsins og aðra í sömu sporum. Þeir telja það mikilvægt fyrir barnið að vera í samskiptum við aðra ættleidda frá Kína. Í rannsókninni kom einnig fram að meirihluti þeirra sem tóku þátt töldu mikilvægt að lesa fyrir barnið og skoða bækur um Kína og ættleiðingar (Jórunn Elíadóttir, 2010). Ætla má að áhugi foreldra og vilji til að láta barnið læra um menningu upprunalandsins geti stuðlað að þekkingu barnsins á margvíslegan hátt og styrkt tengsl þess við eigin uppruna.

Áherslur og leiðir

Foreldrar fara mismunandi leiðir við uppeldi með tilliti til uppruna og tvímenningarlegrar félagsmótunar. Nokkrar af þessum leiðum verða kynntar hér og er fyrst byrjað á þeim sem eru nokkuð afmarkaðar og vel skilgreindar. Byggt er á því sem kemur fram í gein Quiroz (2012) en einnig komið inn á fleiri rannsóknir er þetta varðar.

Fyrst er að nefna þá leið að rækta lítil eða engin tengsl við menningu upprunalandsins eða upprunalandið sjálft (e. *deculturalization*). Þá ríkir þögn um uppruna barnsins, kynþátt og menningu á þeim slóðum sem barnið kemur frá. Þessi leið er ekki talin æskileg þar sem erfitt er að fela alfarið uppruna og sögu barnsins, slíkt geti valdið því erfiðleikum og haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd þess þegar fram í sækir.

Önnur leið er að barnið ráði ferðinni, annað hvort á meðan það er ungt eða alfarið fram á fullorðinsár (e. *child choice*). Þó er bent á í þessu sambandi að foreldrar hafa alltaf valið eða mótað tengslin upp að ákveðnu marki, til að mynda með því að gefa barninu nýtt nafn eða með því að halda við því nafni sem barnið bar fyrir ættleiðinguna. Aðferðin gengur ekki alltaf upp og erfitt er að halda henni til streitu þar sem margir áhrifaþættir er snerta uppruna, útlit og fleira koma við sögu í uppveiti barna (Quiroz 2012).

Enn önnur leið er að leggja rækt við þætti, sem foreldrum finnast viðeigandi, og má líkja henni við sviðsettan og heimatilbúinn veruleika (e. *staged authenticity*). Fólk velur út frá ákveðnum forsendum það sem því þykir lýsa eða vera táknrænt fyrir menningu og upprunaland. Þetta getur birst í því sem foreldrar velja að hafa á heimilum sínum og tengist uppruna barnsins; búin er til heimagerð og oft fremur einhliða mynd af landi og þjóð eða öðru því sem þykir tilheyra upprunanum. Slík tenging er ekki talin skila miklu öðru en kynningu á ýmsu er varðar upprunalandið og er ekki líkleg til að hafa bein jákvæð áhrif á sjálfsmynd barnsins. Þessi heimatilbúnu menningartengsl eru leið sem margir nýta í daglegu lífi og fléttast saman við ýmsar menningarlegar uppákomur (Quiroz, 2012). Menning upprunalandsins er þá kynnt sem eitthvað sem hægt er að kaupa eða lesa um í bókum en um leið verður ljóst að ættleidd börn hafa misst af einhverju sem skiptir máli. Þau komast ekki í næga snertingu við það sem kynnt er og mynda ekki raunveruleg tengsl við upprunaland heldur öðlast yfirborðsþekkingu á landi og þjóð.

„... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...“: Tvímenningarlegur heimur ættleiddra barna

Til að skapa það sem kalla má raunsannar tengingar við menningu í upprunalandi er sagt að foreldrar þurfi að tryggja að börnin kynnist landinu frá mörgum hliðum (Quiroz, 2012). Taka þurfi inn í myndina og viðurkenna ýmsa þætti, bæði góða og slæma, og gefa með því fyllri mynd, í félagslegu og stjórnálaglegu tilliti, af því sem fylgir uppruninum og kringumstæðum í landinu sem barnið kemur frá. Þetta er í samhljómi við skýrsluna *Beyond cultural camp: Promoting healthy identity in adoption* (McGinnis o.fl., 2009) en þar segir að meira þurfi til en yfirborðskennda kynningu á menningu og sögu upprunalandsins og að gefa þurfi ættleiddum börnum og ungmönnum raunverulegar tengingar við upprunann. Slíkar tengingar efla menningarlega sjálfsmýnd þeirra og almenna vellíðan.

Bent hefur verið á fleiri leiðir í þessu sambandi. Massatti, Vonk og Gregoire (2004) beindu sjónum að þeim leiðum sem foreldrar barna af öðrum kynþætti en foreldranna sjálfra nýttu til að stuðla að menningarlegri hæfni barnanna. Í niðurstöðum þeirra voru greindar þrjár leiðir sem foreldrar leggja á mesta áherslu: a) Fjölmennningarleg blöndun, að gefa barninu möguleika á að læra um gildi og siði upprunalands og tengjast öðrum með svipaðan bakgrunn, b) vitund um eigin kynþátt eða uppruna, tilfinningar og viðhorf í því sambandi, c) lífsleikni eða bjargráð (e. *survival skills*), leiðir og aðferðir sem hjálpa barninu að þekkja og takast á við kynþáttamismunun, misrétti og aðgreiningu. Massatti og fleiri (2004) telja að þessir þættir séu hluti af tvímenningarlegri félagsmótun barna þar sem tengslum við upprunann er haldið við á sama tíma og barninu eru kenndar leiðir til að takast á við atvagasemdir um mismunandi útlit og uppruna.

Viðhorf og skoðanir foreldra til litarháttar eða annarra auðkenna (e. *racial attitudes*) og fjölmennningar almennt eru talin ráða miklu um áherslur og leiðir þeirra við að tengja börn upprunalandi sínu. Í rannsókn Lee, Grotevant, Hellerstedt og Gunnar (2006) er þessi mótun skilgreind á tvo vegu. Höfundar benda á gildi sem lúta að þýðingu menningar (e. *enculturation beliefs*) og draga fram mikilvægi þess að veita börnum aðgang að þeim menningarlegu möguleikum sem auka meðvitund þeirra um eigin uppruna og verðleika (e. *pride*). Þetta hefur áhrif á þekkingu er tengist uppruninum, eflir sjálfsmýnd þeirra og mótar viðhorf til upprunalandsins. Höfundar tala einnig um þýðingu kynþáttavitundar (e. *racialisation beliefs*) og mikilvægi þess að barnið verði meðvitað um kynþáttamisrétti og mismunun. Rannsakendur telja að ígrunduð og rökræn hugsun um þessa þætti leiði til þess að foreldarnir leggi áherslu á menningarlega félagsmótun barna sinna og styrki þar með vitund þeirra um litarhátt og uppruna. Menningarleg félagsmótun verði að byggja á slíkri ígrundun (Lee o.fl., 2006).

Quiroz (2012) segir að flestir foreldrar leggi áherslu á svokallaða blandaða leið þegar kemur að tvímenningarlegri félagsmótun ættleiddra barna. Þá er átt við að þeir vilji að barnið læri um fjölbreytileika einstaklinga (fjölmennningarlegar áherslur). Þessi leið er af mörgum talin góð en um leið nokkuð yfirborðskennd (McGinnis o.fl., 2009; Quiroz, 2012). Börnin fá ekki nema grunna þekkingu á upprunalandi sínu líkt og um ýmsar aðrar þjóðir og menningu þeirra. Scherman (2010) telur hins vegar að erfitt geti verið fyrir fjölskyldur að verða tvímenningarlega hæfar (e. *biculturally competent*) í fyllstu merkingu þeirra orða og velta má fyrir sér hvort það eigi nokkuð að vera markmiðið. Til að svo gæti orðið þyrfti stærra samfélag fólks af erlendum uppruna en yfirleitt er tiltækt, ættleidd börn og annað fólk frá Kína hér á landi eru til dæmis ekki stór hópur. Samkvæmt Scherman (2010) geta foreldrar einungis kennt eða veitt ættleiddum börnum sínum „nægilega mikið“ til þess að þau samsami sig upprunamenningu að vissu marki.

Viðhorf til litarháttar og uppruna

Jákvætt og uppbyggilegt viðhorf til litarháttar, útlits og uppruna skiptir flesta miklu máli. Það er síðan alltaf spurning hvernig og á hvern hátt þessi viðhorf hafa áhrif á ættleidd börn og sjálfsmýnd þeirra.

Foreldrar ættleiddra barna eiga oft í vandræðum með eigin viðhorf til litarháttar eða uppruna barnanna. Foreldrar forðast þá jafnvel að ræða litarhátt barnsins og falla sumir í *litblindan* hóp foreldra og geta orðið sekir um *litblinda mismunun* (e. *colorblind racism*). Slík mismunun felur í sér að ekki er tekið tillit til húðlitar hann ekki ræddur og jafnvel reynt að láta sem litarháttur þess sem sker sig úr hópnun líkist litarhætti hinna (Richardson 2011; Svendsen, 2012; Quiroz, 2007). Fámennur hópur foreldra velur meðvitað að horfa fram hjá litarhætti fólks og leggur einungis áherslu á mannleg gildi og einstaklingseðli (Scherman, 2010). Áherslan getur einnig verið á sjálft upprunaland barnsins fremur en útlitseinkenni eða kynþátt og er þá stundum talað um *litblint viðhorf* (e. *color blindness attitude*). Með því að horfa fram hjá húðlit og sérkennum barnsins, eru barninu send þau skilaboð að litarháttur sé eitthvað sem ekki má ræða um (Kim, Reichwald og Lee, 2012; Samuels, 2009; Scherman, 2010).

Svendsen (2012) bendir á að óæskilegt sé að líta framhjá litarhætti barnsins og uppruna þar sem slíkt er hluti af barninu sjálfu og því þurfi að taka sem sjálfstöðum hlut eins og öðru sem fylgir barninu. Þegar ákveðin þöggun er um málið eða umræðan tónuð niður fær barnið ekki möguleika á að ræða um reynslu sína af að vera „öðruvísi“. Þetta hefur áhrif á sjálfmynd þess og sýn á aðild að því samfélagi sem það er ættleitt til. Undir þetta tekur Dorow (2006) er hún segir að börn af öðrum kynþætti en foreldrar séu ólík þeim og slíkt þurfi að hafa í huga í fjölskyldunni sem og í víðara félagslegu samhengi. Það sé ekki hægt að aðskilja börnin frá Kína, sem þau eru og verða alltaf hluti af, né láta líta út sem allir séu eins. Því er aldrei hægt að segja að ættleiðingin sé einkamál eða ósýnileg. Utan heimilis geta einstaklingarnir einnig mætt samskonar viðhorfi þar sem gefið er í skyn að litarháttur skipti ekki máli en á sama tíma eru send þau skilaboð að það sé ekki æskilegt að tala um mismunandi litarhátt. Þannig er ýjað að því að eitthvert annað útlit sé æskilegt. Viðmiðið er oftast en ekki mælikvarði þeirra sem eru hvítir á hörund og jafnvel látið í veðri vaka að æskilegt sé að barnið sé sem líkast foreldrum sínum í útliti. Litblinduviðhorfið getur einnig komið til af því að foreldrar eða aðrir leiði hjá sér að ræða málefni er snerta uppruna og litarhátt til að hlífa barninu við aðgreiningu. Ef aldrei er talað um að barnið sé með annan húðlit en aðrir, til dæmis í skólanum eða heima, og reynt að láta sem allir séu eins á allan hátt, getur það valdið því að barnið forðast að ræða um húðlit sinn og uppruna (Dorow, 2006; Neil, 2012; Svendsen, 2012).

Foreldrar sem viðurkenna litarhátt barnsins eru líklegri en aðrir til að láta börn sín taka þátt í menningarlegum uppákomum er tengjast upprunalandi þeirra og taka þátt í stuðningshópum. Þeir eru jafnframt líklegri til að ræða við börnin um kynþáttamismunun og aðgreiningu í skólum (Lee o.fl., 2006). Rannsókn meðal hvítra foreldra asískt ættleiddra barna sýnir að foreldrar eru samt líklegri að taka þátt í menningarlegum viðburðum (e. *cultural socialization*) er tengjast uppruna barna en viðburðum er tengjast kynþætti barnanna (e. *racial socialization*). Höfundar leiða að því líkum að foreldrar forðist að ræða málefni er varðar litarhátt þar sem þetta er óþægilegt efni, þeir vilja vernda börnin með því að láta þau ekki finna í orði að þau eru öðruvísi eða foreldrar trúá því að kynþáttamismunun og fordómar séu ekki til (Berber og O'Brien, 2011).

Þrátt fyrir að margar rannsóknir bendi til þess að ættleiddum börnum vegni almennt vel sýna rannsóknir einnig að þau þurfa oft að verjast þegar kemur að kynþáttamismunun og litarhætti sem getur orðið til þess að þeim finnst þau vera utangátta og einangruð (Richardson, 2011; Samuels, 2009). McGinnis og fleiri (2009) leggja áherslu á að mismunun vegna litarháttar og uppruna geti valdið einstaklingum sálrænni vanlíðan og haft áhrif á sjálfmynd og sjálfsvitund. Það sem þarf að gera er að undirbúa barnið og styðja svo það standi sterkt gagnvart athugasemdum og sem ættleiddur einstaklingur.

„... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...“: Tvímenningarlegur heimur ættleiddra barna

Að tala við börn um upprunann og ættleiðinguna

Flestir eru sammála um að mikilvægt sé að byrja að tala um ættleiðinguna við barnið sem fyrst eða um leið og barnið hefur til þess aldur og þroska. Bent hefur verið á að opin umræða um málefni er varðar upprunann og ættleiðinguna styrkir sjálfsmýnd barnsins og sé mikilvægur hluti af tvímenningarlegri sjálfsmýnd þess (Thomas og Tessler, 2007). Ættleidd börn hafa áhuga á uppruna sínum og ættleiðingu og foreldra eru almennt meðvitaðir um að ræða um ættleiðinguna við börnin. Telpur hafa talsvert meiri áhuga á að ræða upprunann en drengir og kemur sá kynjamunur fram í rannsóknnum (Juffer og Tieman, 2009).

Foreldrar virðast almennt leggja raunsætt mat á hvað það þýðir fyrir barnið að vera ættleitt en á móti þurfa þeir að veita meiri stuðning þegar kemur að málefnum sem lúta að menningarlegri sjálfsmýnd í tengslum við upprunalandið. Hér er átt við að barnið tengir sterkar við upprunalandið en foreldrar gera ráð fyrir. Þetta á ekki einungis við rétt á eftir að barnið kemur til foreldra sinna heldur enn frekar í miðri barnæskunni, á miðstigi grunnskóla og á unglingsárum, 8–12 ára (Reinoso, Juffer og Tieman, 2013; Tessler, Gamache og Adams, 2009). Rannsóknir sýna jafnframt að ættleiddum börnum af öðrum kynþætti en foreldrarnir finnast þessir hlutir skipta meira máli en foreldrnum. Á þessum aldri er einnig algengara að börnin upplifi mismunun sem þarf að vera vakandi fyrir og leiðbeina börnunum að takast á við í samskiptum við aðra (Mohanty og Newhill, 2011; Reinoso o.fl., 2013; Tan og Jordan-Arthur, 2012). Rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur og Elnu Sigríðar Jónsdóttur (2010) sýnir að sum ættleidd börn eru upptekin af húðlit og hafa orðið fyrir aðkasti vegna hans. Þær segja það skipta máli að börnin séu örugg og félagslega sterk og fram kemur í viðtali við móður að hún vilji undirbúa dóttur sína svo hún verði sterk því hún eigi sjálfsagt eftir að lenda í einhverju. Ekki kom fram hvaða leiðir móðirin nýtti til þess.

Dorow (2006) segir að foreldrar séu oft lítið meðvitaðir um áhrif mismununar og fordóma þar sem þeir hafa oftast sjálfir enga reynslu af slíku og eru því ekki meðvitaðir um hvernig þessir þættir geti birst í lífi barnanna þeirra. Einnig þarf að hafa í huga að margar þeirra athugasemda sem börn verða fyrir eiga sér stað við aðstæður þar sem foreldrar eða aðrir fullorðnir eru ekki til staðar. Foreldrar og kennarar þurfa að vera vakandi fyrir þörfum barna af erlendum uppruna og hafa hæfileika til að stjórna umræðum sem stuðla að jákvæðum viðhorfum og umburðarlyndi (Beckett o.fl. 2008; Vashchenko, D'Aleo og Pinderhughes, 2012). Fram hefur komið í rannsóknnum að foreldrar vanmeta oft erfiðleika barnsins við að ræða um upprunann og ættleiðinguna. Foreldrar telja jafnvel að barnið hafi ekki áhuga og bíða gjarnan eftir að barnið sjálft hafi frumkvæði að því að tala um uppruna sinn (Beckett, o.fl., 2008). Börn geta til dæmis þurft sérstakan stuðning þegar þau standa frammi fyrir því að þau eru ólík öðrum börnum og byrja að samsama sig foreldrum þeirra og vinum. Þetta ferli byrjar í kringum þriggja til sex ára aldur (Juffer og Tieman, 2009).

Rannsókn Vashchenko og fleiri (2012), sem gerð var meðal telpna sem ættleiddar voru frá Kína, sýndi að meirihluti telpnanna (meðalaldur tæplega 7 ára) sagðist fá jákvæð viðbrögð almennings í umræðum um uppruna þeirra og kynþátt en 25% greindu frá neikvæðum viðbrögðum. Þar kemur fram að góð hæfni foreldra til að vinna að tvímenningarlegri félagsmótun barna hafi í þessu samhengi mikið að segja og að hún hjálpi börnunum við að takast á við spurningar og athugasemdir sem þau verða fyrir vegna uppruna og útlits og leiði þar með almennt af sér jákvæðar upplifanir. Höfundar velta því jafnframt fyrir sér hvort foreldrar leggi meiri áherslu á þessa þætti þegar þeir upplifa að börnin þurfa oft að svara spurningum um upprunann og ættleiðinguna og takast á við neikvæðar sem og jákvæðar athugasemdir að þeim fjarverandi.

Tvímennningarleg sjálfsmynd

Sjálfsmynd byggir á þeirri vitneskju sem við notum til að skilgreina okkur sjálf og aðgreina okkur frá öðrum. Foreldrar hafa mikil áhrif á sjálfsmynd barna sinna en börn spegla sjálf sig fyrst og fremst með augum annarra, einkum foreldra sinna og nánustu fjölskyldu (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Sjálfsmynd mótast einnig í gegnum þá menningu sem barnið býr við og þau viðhorf sem þar ríkja.

Tvímennningarleg sjálfsmynd einkennist af menningarblöndu en þá er átt við að sjálfsmynd barnsins mótist af tveimur menningarheimum. Ættleidd börn skilgreina sig oft út frá því hvar þau eru fædd (upprunalandinu) en einnig segja mörg þeirra að þau séu líka frá því landi sem þau voru ættleidd til. Þetta bendir til þeirrar tvöföldu tengingar sem þau hafa við þessi lönd. Á sama hátt samsama þau sig öðrum af sama kynþætti (e. *own racial group*) og hafa áhuga á að hitta önnur börn af sama uppruna; börn sem deila sömu líkamlegu eiginleikum og sambærilegum bakgrunni í upprunalandinu (Reinoso o.fl., 2013). Ættleidd börn á aldrinum fjögurra til fimm ára sýna oft löngun til að vera hvít /ekki með kínverskt útlit og á þetta frekar við um stúlkur en drengi. Hugsanlega má rekja þetta til þess að á þessum aldri eru börnin farin að vera meira fyrir utan heimili og taka eftir að þau líta öðruvísi út en flestir aðrir. Höfundar velta einnig fyrir sér kynjamismuninum og hvort stúlkur séu meðvitaðri um útlit en drengir eða hvort talað er meira opið um þessi málefni við þær en drengina. Rannsóknin náði til barna frá Kína og Indlandi (Juffer og Tieman, 2009). Palacios og Brodzinsky (2010) benda á að það sé gott fyrir ættleidd börn að hitta einstaklinga af sama uppruna (kynþætti) til þess að geta samsamað sig þeim sem eru líkir í útliti og deila jafnvel samskonar reynslu. Tilfinningin að tilheyra ákveðnum hópi gerir einstaklingana jákvæðari gagnvart upprunanum og öðrum þjóðernishópum.

Þrátt fyrir skiptar skoðanir um gildi tvímennningarlegrar félagsmótunar og mismunandi áherslur, benda rannsóknir á ættleiddum börnum til þess að tengsl við upprunalandið skipti máli fyrir þau og hafi áhrif á sjálfsmynd þeirra og líðan (Thomas og Tessler, 2007). Í rannsókn Lee og fleiri (2006) meðal foreldra ættleiddra barna kom fram að þátttaka barna þeirra í menningartengdum viðburðum upprunalandsins hafði jákvæð áhrif á börnin. Sambærilegar niðurstöður eru í rannsókn Tessler og fleiri (2011) meðal kínverskra ættleiddra barna sem sýnir að það að læra um og kynnast þjóðháttum og menningu upprunalandsins gefur börnunum aukið sjálfstraust. Þau verða jákvæðari gagnvart ættleiddingunni og samband þeirra við foreldrana verður betra. Aðrar rannsóknir hafa leitt í ljós að tvímennningarleg sjálfsmynd gefur ættleiddum börnum visst öryggi hvað snertir eigin kynþátt og menningarlegan bakgrunn og getur þess utan stuðlað að sálfélagslegum þroska þeirra. Tengsl við upprunann veita þeim tilfinningu fyrir því að tilheyra og staðfestingu á því hver þau eru sem einstaklingar (McGinnis o.fl., 2009; Mohanty, Keokse og Sales, 2006; Mohanty og Newhill, 2011; Scheunemann, 2011).

Tessler og fleiri (2009) skoðuðu kosti og galla við tvímennningarlega félagsmótun meðal unglunga sem ættleiddir voru til Bandaríkjanna frá Kína. Niðurstöður sýndu að kínverska þjóðernið var mikilvægur hluti af sjálfsmynd unglunganna en hafði ekki áhrif á bandaríska sjálfsmynd þeirra eða tengsl við fjölskyldur. Sjálfsmynd sem á rætur í tveimur löndum virðist því ekki hafa neikvæð áhrif. Tvímennningarleg félagsmótun innan og utan fjölskyldunnar er því talin hafa mikið gildi fyrir unglungana. Svipaðar niðurstöður er varða sjálfsmynd barna má finna í öðrum rannsóknum um börn ættleidd frá Kína, t.d. í rannsókn Ponte, Wang og Fan (2010) sem fjallar um telpur og fjölskyldur þeirra sem fóru í upprunaferð til Kína. Þar kom meðal annars fram að telpurnar upplifðu að heimsóknin styrkti sjálfsmynd þeirra og skilning á Kína. Einnig að jákvæð viðhorf foreldra til tvímennningarlegrar félagsmótunar skipta miklu máli eins og fram kemur einnig í öðrum rannsóknum (Dorow 2006; Whitehead, Ainsworth, Wittig og Gadino, 2009). Hlutverk fjölskyldunnar hvað varðar félagsmótun og sterk tengsl foreldra og barns hefur mikið að segja þegar

„... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...“: Tvímenningarlegur heimur ættleiddra barna

kemur að hinni tvímenningarlegu sjálfsmynd. Góð tilfinningatengsl og uppbyggileg samskipti barns og foreldra skipta þar miklu (Castle, Knight og Watters, 2011).

Eins og fram hefur komið benda rannsóknir á mikilvægi þess að huga vel að því hvernig hafa eigi tvímenningarlegri félagsmótun ættleiddra barna. Dorow (2006) leggur áherslu á að jákvætt sé að foreldrar taki fagnandi öllu sem fylgir tengingu tveggja menningarheima en sýna þurfi aðgætni þegar kemur að bakgrunni barnanna og hinum ósýnilegu lífforeldrum. Það mun alltaf verða foreldranna að varða veginn sem farinn er og móta hann eftir sínum áherslum hverju sinni.

Rannsóknin

Markmiðið rannsóknarinnar sem hér er kynnt var að fá innsýn í skoðanir og viðhorf tíu telpna sem ættleiddar hafa verið frá Kína til Íslands um hvað þær telji mikilvægt hvað varðar tengsl sín við Kína og upprunann. Einnig hver reynsla þeirra væri af því að vera ættleiddar frá Kína. Rannsóknarspurningarnar eru þessar:

- Hver er áhugi barna, sem ættleidd eru frá Kína, á uppruna sínum og tengslum við upprunalandið?
- Hver er reynsla barna, sem ættleidd eru frá Kína, af að vera ættleidd frá Kína og hver eru viðhorf þeirra til upprunans?

Telpurnar fengu rafræna spurningakönnun sem send var á netfang foreldra þeirra og svöruðu rafrænt að því gefnu að foreldrarnir væru því samþykkir. Telpurnar sem tóku þátt eru allar fæddar í Kína á árunum 2003 og 2004. Úrtakið var hentugleikaúrtak sem þjónaði þeim tilgangi að ná til einstaklinga bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Spurningakannanir veita oft innsýn í ýmsa þætti án þess að kafa djúpt í málefnið. Með spurningakönnunum er mögulegt að safna fjölbreyttum gögnum á stuttum tíma og rannsakandi þarf ekki að eiga bein samskipti við þátttakendur. Þetta eykur á hlutleysi og skapar ákveðna fjarlægð (Þorlákur Karlsson, 2003).

Alderson og Morrow (2011) benda á mikilvægi þess að öryggis sé gætt þegar börn svara spurningum rafrænt og mikilvægt að foreldrar séu til staðar eða nærri þegar börn taka þátt í slíkum könnunum. Kosturinn við spurningakannanir er að þeim er oft fljótswarað og fyrir börn getur stundum verið þægilegra að svara spurningum á þennan hátt en með viðtali þar sem nálægðin er meiri (Fargas-Malet, McSherry, Larkin og Robinson, 2010). Bell (2007) bendir á í þessu samhengi að spurningakönnun fyrir börn eldri en sjö ára geti verið góð leið við rannsóknir að því gefnu að spurningalistinn sé vel hannaður hvað varðar orðalag, lengd og snið. Huga þurfi þó að því að börn geta valið að svara til þess að geðjast þeim er spyr eða af öðrum ástæðum, eins og þeim að vilja sýna eitthvað jákvætt.

Spurningarnar í rannsókninni byggja á þeim fræðum sem höfundur hefur lesið um tvímenningarlega félagsmótun ættleiddra barna. Einnig urðu þær til og mótuðust í samræðum við ættleidd börn, þeirra á meðal barn höfundar sjálfs sem á, eins og fyrr segir, telpu ættleidda frá Kína. Ætla má að persónuleg reynsla og þekking rannsakanda hafi áhrif á þær áherslur sem eru valdar. Alderson og Morrow (2011) telja að það geti bæði verið kostir og gallar við að vera hvort heldur er innanbúðarmaður (e. *insider*) eða utanaðkomandi (e. *outsider*) við rannsóknir og hver og einn þurfi að veita og meta áhrif sín í því ljósi. Rannsakandi metur það sem svo að staða hans gagnvart rannsóknarefninu dragi ekki úr trúverðuleika hans heldur felist styrkur í þekkingu rannsakanda og innsýn í málefnið (Alderson og Morrow 2011; Christiansen og James 2008).

Spurningakönnunin var í tíu hlutum og í hverjum hluta voru nokkrar undirspurningar. Þessir tíu hlutar voru um tengsl telpanna við önnur kínversk börn, hversu stoltar og

ánægðar þær væru með að vera frá Kína, löngun þeirra til að fara aftur til Kína, hvað þeim fyndist þær vera, stríðni og útlit, það sem þeim þótti skemmtilegt eða leiðinlegt að gera, hvað þær vildu gera ef þær færu aftur til Kína, þekkingu þeirra á Kína, vitneskju um nafn og kínverskt fæðingarár, og spurningar um hvernig var að svara spurningalista sem þessum. Hér eru kynntar nokkrar af þeim niðurstöðum sem komu fram í rannsókninni og varða tengsl við upprunann. Svarmöguleikar voru fáir og reynt var að hafa svörin einföld en um leið þannig að barnið þyrfti að taka afstöðu. Bell (2007) bendir á að æskilegt sé að forðast svarmöguleikann *Veit ekki* í spurningakönnunum fyrir börn þar sem auðveldast er að svara þannig, til dæmis ef þeim finnst viðfangsefnið ekki áhugavert. Einnig þarf að gæta þess að hafa svarmöguleikana ekki of flókna né þannig að barnið þurfi að muna eitthvað á milli atriða. Alltaf voru gefnir nokkrir svarmöguleikar til að telturnar hefðu fleiri en einn möguleika á svari. Einnig var gefinn möguleiki á að þær gætu skrifað frá eigin brjósti eftir hverja spurningu til að minnka líkurnar á að þær svöruðu eins og þær gætu haldið að ætti að svara. Slíkt getur gerst, til dæmis þegar barnið vill þóknast þeim sem spyr eða því finnst tiltekið svar mest viðeigandi þó það endurspegli ekki nákvæmlega skoðun þess (Bell 2007; Fargas-Malet o.fl., 2010).

Rannsóknin fór fram í maí og júní 2012 og svöruðu allar tíu telturnar spurningunum. Nokkrar stúlkanna höfðu farið aftur til Kína, til dæmis til að sækja yngra systkini, en ekki verður litið sérstaklega til þess hér enda ekki tilgangur rannsóknarinnar að skoða mun á milli þeirra sem hafa farið og hinna sem ekki hafa farið aftur til Kína eftir ættleiðinguna. Þessi reynsla barnanna getur þó endurspeglast í svörum þeirra. Engin telpnanna hefur farið í svokallaða upprunaferð til fyrri heimaslóða.

Við gagnaúrvinnslu var notuð ályktunartölfræði. Það er aðferð til þess að álykta um þýði eftir svörum smærri hóps í þýðinu, það er að segja þeim sem svöruðu (Amalía Björnsdóttir, 2003). Hins vegar er úrtakið svo fámennt að ekki er hægt að alhæfa út frá niðurstöðunum.

Niðurstöður

Hér verða kynntar niðurstöður úr svörum stúlkanna tíu og leitað svara við rannsóknarspurningunum.

Telturnar voru mjög duglegar við að skrifa í reiti þar sem beðið var um nánari svör þó ekki hafi alltaf allar svarað öllum spurningunum með þeim hætti, enda frjálst val að gera það. Meðaltal þeirra sem skrifuðu skrifleg svör til viðbótar fjölvali var átta til níu af tíu telpum. Ekki er gerður greinarmunur eftir aldri telpnanna né búsetu enda komu þær upplýsingar ekki fram í könnuninni.

Að fræðast um Kína og tengjast upprunum

Telturnar voru allar áhugasamar um að fræðast um Kína og að hitta önnur börn þaðan. Þremur telpum fannst mjög skemmtilegt að fræðast og læra um Kína, sex fannst það skemmtilegt og ein hugsaði aldrei um það. Í framhaldi af því gátu þær skilgreint nánar hvað væri skemmtilegt að læra um. Svörin snúa bæði að einhverju er varðar Kína og að daglegu lífi þeirra. Ein sagði að skemmtilegast væri að læra um fólk og húsin sem voru í gamla daga og önnur nefndi stærðfræði og fimleika. Einnig væri gaman að læra um krakka í Kína og kínversk hljóðfæri, hvernig kínversk klósett væru og fólk þar eða bara um Kína almennt, það sé „... skemmtilegt að vita að Kína er stórt land ...“. Ein telpan sagði að sig langaði til að vita hvernig fólk sem býr á götunni geti aflað sér matar. Flestum eða átta telpum fannst *mjög gaman* að hitta Kínasystur sínar og tveimur fannst það gaman. Kínasystur eru þær telpur sem komu til Íslands í sama hóp og þær sjálfar, en foreldrar fara oft saman í litlum hópum að sækja börnin sín til Kína og tengjast margir í gegnum þá sameiginlegu reynslu. Tveimur stúlkum fannst mjög gaman að hitta önnur börn (vini og

„... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...“: Tvímenningarlegur heimur ættleiddra barna

vinkonur) sem ættleidd hafa verið frá Kína á meðan átta telpum fannst það gaman. Af svörunum að dæma er talsvert skemmtilegra að hitta Kínasystur sínar en aðra vini frá Kína, þótt það sé líka gaman.

Þátttaka í ýmsu er tengist uppruninum

Áhugi telpnanna á því að tengjast hefðum, menningu, siðum eða atburðum sem tengjast Kína og uppruninum var mikill en misjafnt á hverju þær höfðu áhuga og hvað þeim fannst skemmtilegt. Spurt var um hvað þeim þætti skemmtilegt eða leiðinlegt þegar kemur að slíkum viðburðum eða hvort þær tækju aldrei þátt í slíku. Sumar telpnanna bjuggu fyrir utan höfuðborgarsvæðið og hugsanlega höfðu þær ekki allar sömu tækifæri til að taka þátt í ýmsu sem boðið er upp á og tengist upprunalandinu. Því var svarmöguleikinn *Geri það aldrei* hafður með. Það sem flestum fannst skemmtilegast var að borða kínverskan mat. Níu telpur merktu við það sem skemmtilegt en einni fannst það leiðinlegt. Það þótti líka skemmtilegt að halda upp á kínverska nýárið sem allar nema tvær sögðust gera. Sjö telpur merktu við að skemmtilegt væri að horfa á fræðslufni um Kína en tveimur fannst það leiðinlegt og ein gerði það aldrei. Meirihluta telpnanna fannst skemmtilegt að hlusta á kínverska tónlist og söng, en einni fannst það leiðinlegt og þrjár gerðu það aldrei. Helmingi telpnanna fannst einnig skemmtilegt að horfa á barnaefni um Kína og fara á kínverskar skemmtanir, einni fannst það leiðinlegt en fjórar gerðu það aldrei. Það sem flestar gerðu aldrei var að læra kínverskan dans og leiki en ein sagði að það væri skemmtilegt. Helmingur telpnanna lék sér aldrei með kínverskar dúkkur á meðan þremur fannst það skemmtilegt og tveimur leiðinlegt. Að læra kínversku var skemmtilegt að mati sex telrna en fjórar gerðu það aldrei. Helmingur telpnanna segist aldrei lesa bækur um Kína á meðan þremur fannst það leiðinlegt og tveimur skemmtilegt. Einnig var skemmtilegt að fara á kínverskar skemmtanir, einni fannst það samt leiðinlegt en fjórar gerðu það aldrei. Fjórar telpur sögðu skemmtilegt að hitta fólk sem kemur frá Kína til að skemmta en sex telpur gera það aldrei. Í athugasemdum stúlkanna kom líka fram að tvær þeirra langaði að læra kínversku og tvær aðrar vildu læra að borða með þrjónum.

Að vera ættleidd frá Kína

Telturnar voru allar stoltar af og ánægðar með að vera frá Kína. Sex sögðust vera mjög stoltar og ánægðar með að vera þaðan, fjórar dálítið stoltar og ánægðar, en engin var alls ekki stolt og ánægð. Í framhaldi af því var spurt af hverju þær væru stoltar og ánægðar eða af hverju ekki. Nokkrar telpnanna skrifuðu að þær vissu það ekki eða gætu ekki lýst því. Ein sagði að það væri vegna þess að Kína væri fallett land og að hún hefði séð myndir af því og önnur að hún væri stolt af landinu. Ein telpan sagði, „... ég er dálítið stolt af því að vera frá Kína af því mér finnst Kína svo flott land. Sumum skólafélögum finnst merkilegt að vera frá Kína og þá verð ég stolt. En ég verð leið að vera frá Kína ef einhver er að stríða mér ...“. Önnur sagði, „... því ég er öðruvísi en allir hinir í bekknum mínum, því ég hef öðruvísi hæfileika en allir hinir ...“. Enn önnur skrifaði, „... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...“. Að lokum hugsar ein telpan þetta á annan hátt er hún skrifar, „... það skiptir mig ekki miklu máli frá hvaða landi maður er fæddur ...“.

Ættleidd börn velta oft fyrir sér uppruna sínum, eins og fram hefur komið, og því var spurt um hvað telturnar „teldu sig vera“, hvernig þær skilgreindu þjóðerni sitt. Þessi spurning var lögð fyrir þar sem höfundur hefur upplifað mismunandi svör ættleiddra barna þegar þau eru spurð um þessa hluti, til að mynda af félögum. Einnig þegar þau samsama sig einhverju, til dæmis því sem fjölmiðlar greina frá um upprunalandið. Einungis ein telpanna sagðist mest vera Íslendingur. Tvær töldu sig vera íslenska Kínverja, tvær kínverska Íslendinga og þrjár sögðust vera Íslendingar af kínverskum uppruna. Tvær sögðust ekkert hugsa um þetta. Engin taldi sig vera mest Kínverja, né mest Íslending en smá Kínverja, eða mest Kínverja en smá Íslending, sem voru líka svarmöguleikar.

Telpurnar voru spurðar, „Hefur þér verið strítt af því að þú ert með kínverskt útlit?“ og níu þeirra svöruðu því til að þeim hefði stundum verið strítt, engin sagði að sér hefði oft verið strítt og ein sagði að henni hefði aldrei verið strítt. Spurt var hvernig þeim væri strítt og hvað væri sagt við þær. Í svörum þeirra kemur fram að þeim hafði verið strítt út af litarhætti, „... einn sagði að ég væri kúkabrun ...“, „...einu sinni vantaði kakó á borðið og þá benti einn strákur á mig og sagði þarna er kakóið ...“. Telpurnar höfðu flestar, eða sex af níu fengið athugasemdir vegna augnanna. Sagt hafði verið að þær væru með hrísgrjón í augunum eða að hermt eftir þeim þannig að aðrir létust vera með skásett augu. Ein telpa orðaði það að vera öðruvísi á eftirfarandi hátt: „...mér er strítt af því að ég er öðruvísi og með skrytín augu. En sumir segja að útlit mitt [sér] fallet. Mér er ekki mikið strítt en krakkarnir eru forvitnir og það er ekki alltaf skemmtilegt ...“. Telpunum var einnig strítt af því að nefið þótti öðruvísi, þær þóttu lágvaxnar og þær væru Kínverjar. Stundum hafði jafnvel verið sagt að þær væru ljótar. Ein telpa skrifaði að hún vildi ekki tala um stríðnina og er spurning hvort þar sé ekki eitthvað ósagt látið.

Spurt var hvort það væri óþægilegt að svara spurningum um Kína og svöruðu sjö stúlkanna því neitandi en þrjár sögðu já. Átta sögðust vera til í að hitta aðra krakka sem væru ættleiddir frá Kína og spjalla um Kína og fleira. Öllum telpunum fannst hins vegar að það skipti máli að læra um Kína og lífið þar.

Umræða

Könnunin meðal telpnanna tíu veitir ákveðna innsýn í hugarheim ættleiddra barna frá Kína. Ekki er hægt að alhæfa út frá svo litlu úrtaki. Af niðurstöðum eru dregnar ákveðnar ályktanir með því að skoða þær í samhengi við það sem hefur komið fram hér fyrir í greininni um tvímenningarlega félagsmótun ættleiddra barna

Tengsl við upprunalandið

Fram kemur að öllum telpunum utan einni fannst mjög skemmtilegt eða skemmtilegt að fræðast um Kína og daglegt líf þar. Ein telpanna hugsaði aldrei um það. Það sem stúlkurnar sögðu skemmtilegast að fræðast um laut að fólki í Kína, húsakosti áður fyrr, krökkum í Kína, kínverskum hljóðfærum og kínverskum klósettum. Samhljómur er með því sem telpunum fannst skemmtilegast og áhugaverðast að fræðast um og þeim viðburðum, hefðum og venjum sem tengdust upprunalandinu. Þær voru allar nokkuð virkar þegar kom að þátttöku í slíku, svo sem að halda upp á kínverska nýárið, horfa á fræðslufni um Kína, hlusta á kínverska tónlist og læra kínversku.

Allar voru telpurnar eru sammála um að það skipti máli að læra um Kína og lífið þar og þær höfðu allar áhuga á ýmsu er varðar upprunann og Kína. Þetta er í samræmi við rannsókn Jórunnar Elíadóttur (2010) meðal foreldra ættleiddra barna frá Kína en þar kom fram að foreldrarnir (99%) telja þessi tengsl skipta miklu máli. Áhugi var á að viðhalda tengslunum og hafa aðgang að efni sem tengist því. Hins vegar er spurning af hverju foreldrarnir telja það skipta máli og hvort þeir séu meðvitaðir um þau áhrif sem slík tengsl hafa á börnin. Rannsókn Thomas og Tessler (2007) er varðar börn ættleidd frá Kína bendir á að þegar kemur að tvímenningarlegri félagsmótun skiptir viðhorf foreldra miklu ásamt tengingum við kínverskt fólk eða fólk fætt í Kína.

Fram kemur hjá Quiroz (2012) að foreldrar fara ekki allir sömu leiðir hvað þetta varðar og sést það með öðru á því að telpurnar hafa áhuga á mismunandi hlutum og áherslurnar trúlega mismunandi milli fjölskyldna. Miðað við áhuga telpnanna á upprunalandi sínu og tengingu við upprunann má ætla að tvímenningarleg félagsmótun sé þáttur í uppeldi þeirra, hvort heldur foreldrarnir eru sér vel vitandi um það eða ekki. Í þessu samhengi má benda á það sem Quiroz (2012) segir um þær leiðir sem foreldrar velja fyrir börnin sín og má líkja við sviðsettan heimatilbúinn veruleika. Hún bendir á að huga þurfi að meiri dýpt í

„... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...“: Tvímenningarlegur heimur ættleiddra barna

slíkri tengingu og ákveðin hætta sé á að börn fái einungis sérvaldar áherslur hvað varðar menningu landsins og þjóðarinnar. Sviðsettur veruleiki geti verið allólíkur þeim veruleika sem barnið sér þegar það kemur til upprunalandins eða fer að læra um það, til dæmis í skólanum. Hins vegar má sjá vísbendingar um dýpri umræður í svörum telpanna en ein telpan sagði sig langa að vita hvernig fólk sem býr á götum úti aflar sér matar og önnur telpa vildi læra um Asíu og var farin að sjá Kína í stærra samhengi. Einnig sögðust þær allar vilja læra um lífið í Kína en ekki kemur nákvæmlega fram hvað þær meina með því. Miðað við þá fjölbreytni, sem fram kemur í svörum telpanna, má ætla að *fjölmenningarleg blöndun*, eins og vísað var um til Massatti og fleiri (2004) fyrr í greininni, sé samofin leiðum sem foreldrar nýta og því sé ekki alfarið um heimatilbúinn veruleika að ræða þegar kemur að því að tengjast upprunum.

Tengsl við önnur börn ættleidd frá Kína

Börn sem ættleidd eru frá Kína eftir svokölluðum hefðbundnum leiðum eru sérstakur hópur á margan hátt, t.d. að því leyti að flest eiga sér hóp sem þau tilheyra, það er þau börn og fjölskyldur sem koma saman heim frá Kína. Þessir hópar hafa margir hverjir tengsl sín á milli og hittast en þau eru vissulega mismikil.

Tenging við Kína felst í að hitta önnur börn frá Kína. Öllum telpunum finnst gaman að hitta Kínasystur sínar. Þeim finnst einnig skemmtilegt að hitta önnur börn sem ættleidd eru frá Kína þó það skori ekki eins hátt. Þetta er í samræmi við svör íslenskra foreldra ættleiddra barna frá Kína í rannsókn Jórunnar Elíadóttur (2010) en 90% þeirra sögðu það skipta barnið mjög miklu eða frekar miklu máli að vera í tengslum við önnur börn frá Kína og þar kom einnig fram að meirihluti barnanna er í tengslum við önnur börn frá sama barnaheimili (Jórunn Elíadóttir, 2010). Þess ber að geta sum barnanna eru einu börnin sem ættleidd hafa verið frá ákveðnum barnaheimilum.

Tengsl við börn og fullorðna af sama uppruna eru talin skipta máli þegar kemur að tvímenningarlegri félagsmótun og mótun sjálfsmyndar barna (Lee o.fl., 2006; Thomas og Tessler, 2007), en með því að hitta aðra af sama uppruna geta börnin samsamað sig þeim sem eru líkir þeim í útliti og deila áþekkri reynslu. Slíkt hefur góð áhrif á sjálfsmynd og stuðlar jafnframt að jákvæðari viðhorfum gagnvart mismunandi uppruna fólks og litarhætti. Þetta er mikilvægur hluti af því að móta hina tvímenningarlegu sjálfsmynd (Juffer og van Ijzendoorn, 2007; McGinnis o.fl., 2009; Mohanty og Newhill, 2010; Reinoso o.fl., 2013;). Börn sem koma í sama hópi frá Kína mynda oft sérstök tengsl sín á milli og eins og sést í svörum telpanna er alltaf *mjög gaman* að hitta Kínasysturnar og má draga þær ályktanir að þeirra sameiginlega reynsla og sameiginlegar upprunaslóðir, eins og að vera frá sama héraði í Kína og/eða sama barnaheimili, hafi þar eitthvað að segja. Slík tengsl við upprunann eru talin gefa ættleiddum einstaklingum tilfinningu fyrir því að tilheyra og staðfestingu á því hver þau eru sem einstaklingar (Mohanty og Newhill, 2011; Tessle o.fl., 2009; Mohanty o.fl., 2006; Scheunemann, 2011).

Mótun sjálfsmyndar og að tala saman

Í rannsókninni kemur fram að einungis ein telpanna taldi sig vera mest Íslending. Aðrar töldu sig vera eitthvað af hvoru um sig; íslenskan Kínverja eða kínverskan Íslending, og þrjár litu á sig sem Íslendinga af kínverskum uppruna. Tvær hugsa ekki um þetta. Velta má fyrir sér hver sé þjóðernisvitund telpanna en slík vitund hefur áhrif á það hvernig viðkomandi horfir á sjálfan sig og aðra (Dorow, 2006; Whitehead o.fl., 2009). Vitund um eigið þjóðerni er að mörgu leyti flókin fyrir ættleidd börn, einkum þegar þau þykja skera sig úr hópi jafnaldrá í útliti. Spurningar eins og hver þau séu vakna þegar líður á barnsaldurinn og þau fá jafnvel frá öðrum spurningar um uppruna sinn, eins og hvað þau séu og hvaðan þau séu. Draga má þær ályktanir út frá aldri telpanna tíu að hugmyndir þeirra um sjálfar sig séu enn að mótast og þroskast. Þær skilgreindu sig allar nema ein sem blöndu af Kín-

verja og Íslendingi og ber það skýran vott um tvímennningarlega sjálfsmýnd sem verður til þegar einstaklingur mótast af tveimur menningarheimum (Thomas, 1986; Tran og Lee, 2010). Þetta er einnig í samræmi við það sem kom fram í rannsókn Tessler og fleiri (2009) en þar skilgreindu unglingar ættleiddir frá Kína sig sem einstaklinga með sjálfsmýnd sem á rætur í tveimur löndum (tvímennningarlega sjálfsmýnd).

Fram kemur í rannsókninni að telpunum var strítt og var það oftast vegna útlitsins, augna, litarháttar eða vaxtarlags. Þeim er strítt af því að þær eru öðruvísi ásýndum. Telpurnar níu sem sögðu að sér hefði verið strítt sögðu að þetta gerðist bara *stundum* en ekki oft. Engu að síður styður þetta staðhæfingar um að ekki sé hægt að líta framhjá litarhætti barnsins og uppruna þar sem slíkt er hluti af barninu og það að vera öðruvísi vekur athygli (Svendson, 2012 og Dorow, 2006). Hugsanlega er sumt af þessu athugasemdir fremur en stríðni, eins og orð telpnanna hljómuðu, „... *sumir eru forvitnir ...*“, en ætla má að ekki sé alltaf auðvelt fyrir börn að bregðast við slíkum athugasemdum. Þetta er í samræmi við það sem fram kemur hjá Hönnu Ragnarsdóttur og Elsu Sigríði Jónsdóttur (2010) en þær segja að börnin í þeirra rannsókn hafi fengið erfiðar spurningar og athugasemdir sem ekki sé alltaf þægilegt að svara. Massatti og fleiri (2004) benda á að ein af þeim leiðum sem foreldrar þurfi að hafa í huga til að stuðla að menningarlegri hæfni barnanna sé að kenna þeim ákveðna lífsleikni eða þjargráð á borð við leiðir og aðferðir sem hjálpa barninu að þekkja og takast á við kynþáttamismunun, misrétti og aðgreiningu. Ein telpnanna vildi ekki segja neitt um þessi mál og ekki er heldur hægt að vita hvort telpurnar ræddu þessi mál alltaf við foreldra sína. Rannsóknir Beckett og fleiri (2008) og Vashchenko og fleiri (2012) sýna að foreldrar vanmeta oft erfiðleika barnsins við að ræða um málefni sem tengjast uppruna, ættleiðingu og útliti. Hins vegar þarf að hafa í huga að mörgum þeirra athugasemda sem börn verða fyrir er varpað fram við aðstæður þar sem foreldrar eða aðrir full-orðnir eru fjarri. Miðað við svör telpnanna má ætla að þetta séu athugasemdir og jafnvel stríðni sem á sér stað í skólanum og spyrja má hvort og þá hvernig sé tekið á þeim málum þar. Í ljósi þess sem Juffer og Tieman (2009) segja geta ættleidd börn þurft stuðning þegar þau standa andspænis því að samsama sig foreldrum og jafningjum en það getur verið þeim erfitt á sama hátt og að takast á við að vera ólík öðrum í útliti.

Quiroz (2012) bendir á að ekki sé æskilegt að þögn ríki um uppruna barnsins, kynþátt og menningu þess lands sem það kemur frá. Af svörum telpnanna má ráða að þær voru meðvitaðar um uppruna sinn og höfðu áhuga og skoðanir á því sem tengir þær við Kína. Í ljósi þessa má ætla að málefni er tengjast uppruna þeirra og útliti hafi almennt verið rædd í fjölskyldum þeirra þótt ekki sé hægt að fullyrða um slíkt. Umræður um þessi málefni eru í samræmi við það sem Richardson (2011) og Samuels (2009) telja mikilvægt að gert sé í fjölskyldum ættleiddra barna. Telpurnar voru ekki spurðar um hvaða leiðir þær notuðu til að takast á við stríðni eða athugasemdir en áhugavert væri að ræða það nánar og heyra hvaða leiðir þær þekkja og velja að fara við slíkar aðstæður. Vashchenko og félagar (2012) segja að hæfni foreldra til að vinna að tvímennningarlegri félagsmótun barna hafi mikið að segja í þessu samhengi.

Þrátt fyrir að verða stundum fyrir stríðni og fá athugasemdir vegna útlitsins voru telpurnar stoltar af uppruna sínum og ánægðar með að vera frá Kína. Þær sögðust stoltar af því að vera frá flottu landi, sumum öðrum krökkum þætti líka vera flott að vera frá Kína og telpunum fannst jákvætt að vera öðruvísi og hafa aðra meðfædda eiginleika en aðrir. Ein telpun sagði einnig að það skipti í raun ekki máli í hvaða landi maður væri fæddur. Þetta er í samræmi við það sem fram kemur hjá Lee og fleirum (2006) um áhrif tvímennningarlegrar félagsmótunar, sem getur aukið vitund barna um eigin verðleika og hefur áhrif á þekkingu þeirra um upprunann, eflir sjálfsmýnd þeirra og mótast viðhorf til upprunalandsins. Ein telpun orðaði þetta á eftirfarandi hátt, „... *ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...*“. Það getur líka verið jákvætt að vera öðruvísi. Vitund um eig-

„... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...“: Tvímennningarlegur heimur ættleiddra barna

ið þjóðerni hefur góð áhrif á sjálfsmyndina. Þessi upplifun telpnanna af stolti og ánægju yfir að vera frá Kína er í samræmi við rannsóknir sem sýna að tvímennningarleg sjálfsmynd færir ættleiddum börnum visst öryggi hvað varðar eigin kynþátt og menningarlegan bakgrunn og getur þess utan stuðlað að sálfélagslegum þroska þeirra (Mohanty og Newhill, 2011; Mohanty o.fl., 2006; Scheunemann, 2011; Tan og Jordan-Arthur 2012). Ekki er hægt að draga of miklar eða marktækar ályktanir út frá svo smáu úrtaki um áhrif tvímennningarlegrar félagsmótunar á sjálfsmynd telpnanna en rannsóknin varpar ljósi á nokkra þætti er snerta þetta málefni.

Lokaorð

Tvímennningarleg félagsmótun og áhrif tengsla við uppruna á ættleidd börn eru viðfangsefni sem ætla má að margir foreldrar ættleiddra barna þurfi að velta fyrir. Æskilegt er að væntanlegir foreldrar ígrundi eigin viðhorf og skoðanir til þessara mála áður en ættleiðingin á sér stað. Foreldrar hljóta að velta fyrir sér hvernig og hve mikið þeir vilja beina athygli að uppruna barnsins, hvenær eigi að byrja og hvaða leiðir eigi að fara við að mynda tvímenningatengsl. Ættleidd börn rækta ekki tengingar við upprunalandið upp á eigin spýtur heldur eru það foreldrarnir sem ráða mestu um þessi tengsl og hvernig þeim er háttað.

Tvímennningarleg sjálfsmynd ættleiddra barna frá öðrum löndum byrjar að mótast, á einn eða annan hátt, um leið og börnin eru ættleidd til landsins. Hver fjölskylda þarf að finna áherslur og leiðir sem henta en í því samhengi er mikilvægt að hafa í fyrirrúmi þörf barnsins fyrir öryggi og að það finni að það tilheyri fullkomlega þeim menningar- og fjölskylduheimi sem það hefur verið ættleitt til. Þetta á sérstaklega við þegar barnið er nýlega ættleitt en þarfir barnanna breytast eftir því sem þau eldast og þroskast (Noy-Sharav, 2002).

Í rannsóknum sem snerta tvímennningarlega félagsmótun og tengsl við upprunalandið er áberandi hve hlutverk foreldra er talið mikilvægt og að það hlutverk þurfi að byggja á ígrundaðri hugsun, þekkingu og áhuga. Það er undir foreldrum (og kennurum) komið hvernig stutt er við félagsmótun barnsins með það fyrir augum að hún leiði til sterkrar sjálfsmyndar með rætur í tveimur menningarheimum. Eins og fram hefur komið virðast foreldrar almennt leggja á það raunsætt mat hvað það þýði fyrir barn að vera ættleitt og ræða það, en þeir mættu veita börnum sínum meiri stuðning hvað snertir menningarlega sjálfsmynd tengda upprunalandinu og ræða meira um mismunun og útlit. Foreldrar eiga að hafa frumkvæði að umræðu um þessi málefni við barnið sem annars getur túlkað þögnina sem áhugaleysi eða forboðna umræðu. Álykta má út frá niðurstöðum þessarar rannsóknar að málefni sem snerta upprunann og ýmislegt tengt honum séu ættleiddum börnum ofarlega í huga en rannsaka þarf betur tvímennningarlega félagsmótun á meðal ættleiddra barna. Rannsóknir benda tímælalaust til þess að tvímennningarleg félagsmótun styrki sjálfsmynd barnanna og stuðli að ýmsum öðrum jákvæðum þáttum er varða líf þeirra og félagslega stöðu.

Ættleidd börn skilgreina sig oft eftir því hvar þau eru fædd en einnig segja mörg þeirra að þau séu líka frá því landi sem þau voru ættleidd til. Þetta á einnig við um telpunar í þessari rannsókn. Má leiða að því líkum að þær séu stoltar af uppruna sínum og tengslum sem þær virðast hafa við Kína. Slíkar tengingar eru hluti af tvímennningarlegri félagsmótun hvort sem foreldrar gera sér góða grein fyrir því eða ekki.

Thomas og Tessler (2007) telja að leiðir finnast þar sem vilji er fyrir hendi og eiga þar við að ef ekki skorti áhuga og jákvæð viðhorf foreldra gagnvart tvímennningarlegri félagsmótun eigi ekkert að vera því til fyrirstöðu að barnið nái hóflegu stigi menningarlegrar hæfni í sambandi sínu við upprunalandið. Ætla má að það séu einmitt þessi hóflegu tengsl sem eru æskileg en alltaf þarf að vega og meta hvaða áherslur eru bestar fyrir hvern og einn einstakling. Einnig ber að hafa í huga að áhugi barna á þessum tengslum getur verið mis-

munandi og þekkt er að sum börn sýna uppruna sínum eða tengslum við upprunann engan áhuga. Algengara er þó að þessi áhugi vakni einhvern tíma á lífsleiðinni og oftar en ekki á barnsaldri.

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna og gaumgæfa áhuga barna, sem ættleidd eru frá Kína, á uppruna sínum og tengslum við upprunalandið. Niðurstaðan sýnir að áhuginn er mikill á hvoru tveggja og því að viðhalda tengslum við aðra frá Kína. Áhrif tvímennningarlegrar félagsmótunar er erfitt að meta og greina á grundvelli svo fámennrar rannsóknar og takmörkuðum gögnum, enda ekki tilgangur verksins. Rannsóknin styður það sem áður hefur komið fram í öðrum rannsóknum að umræða um upprunann og skyld málefni skiptir máli fyrir ættleidd börn. Tvímenningarlegur heimur ættleiddra barna er forvitnilegur fyrir margra hluta sakir og full ástæða er til að leita frekari svara við mörgum spurningum sem hann vekur.

Heimildir

Alderson, P. og Morrow, V. (2011). *The ethics of research with children and young people: A practical handbook*. London: Sage.

Amalía Björnsdóttir. (2003). Útskýringar á helstu tölfræðihugtökum. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 115–130). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Beckett, C., Castle, J., Groothues, C., Hawkins, A., Sonuga-Barke, E., Colvert, E. o.fl. (2008). The experience of adoption (2): The association between communicative openness and self-esteem in adoption. *Adoption and Fostering Journal*, 32(1), 29–39.

Bell, B. (2007). Designing and testing questionnaires for children. *Journal of Research in Nursing*, 12(5), 461–469.

Berber, M. og O'Brien, K. (2011). Predictors of white adoptive parents' cultural and racial socialization behaviors with their Asian adopted children. *Adoption Quarterly*, 14(4), 284–304.

Berk, L. E. (2005). *Infants and Children: Prenatal through middle childhood* (5. útgáfa). Boston: Allyn og Bacon.

Castle, H., Knight, E. og Watters, C. (2011). Ethnic Identity as a protective factor for looked after and adopted children from ethnic minority groups: A critical review of the literature. *Adoption Quarterly*, 14(4), 305–325.

Christiansen, P. og James, A. (2008). *Research with children: Perspectives and practices* (2. útgáfa). London: Routledge.

Costigan, C. L., Koryzma, C. M., Hua, J. M. og Chance, L. J. (2010). Ethnic identity, achievement, and psychological adjustment: Examining risk and resilience among youth from immigrant Chinese families in Canada. *Cultural Diversity and Ethnic Minority Psychology*, 16(2), 264–273.

Dorow, S. (2006). Racialized choices: Chinese adoption and the 'White noise' of Blackness. *Critical Sociology*, 32(2–3), 357–379.

Fargas-Malet, M., McSherry D., Larkin, E. og Robinson, C. (2010). Research with children: Methodological issues and innovative techniques. *Journal of Early Childhood Research*, 8(2), 175–192.

Garðar Gíslason. (2008). *Félagsfræði: Einstaklingur og samfélag* (3. útgáfa). Reykjavík: Mál og menning.

„... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...“: Tvímenningarlegur heimur ættleiddra barna

Hagstofa Íslands. (2008). Ættleiðingar 1990–2007. *Hagfríðindi: Mannfjöldi*, 93(2), 1–11.

Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2010). Ættleiðing erlendra barna á Íslandi: Aðlögun og samskipti í fjölskyldum. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 67–75). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/6763>

Høgsberg, B. K. og Buch-Illing, A. (ritstjórar). (2012). *Adoptionshåndbogen – Det adopterede barn i familien, i dagtilbud og skole*. Kaupmannahöfn: Hans Reitzel.

Jórunn Elíadóttir. (2010). „... fyrst og fremst venjuleg börn með óvenjulegan bakgrunn ...“: Börn ættleidd frá Kína; tengsl við upprunalandið og þekking foreldra. Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 121–127). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/6849>

Juffer, F. og van IJzendoorn, M. H. (2007). Adoptees do not lack self-esteem: A meta-analysis of studies on self-esteem of transracial, international, and domestic adoptees. *Psychological Bulletin*, 133(6), 1067–1083.

Juffer, F. og Tieman, W. (2009). Being adopted: Internationally adopted children's interest and feelings. *International Social Work*, 52(5), 635–647.

Kim, O. M., Reichwald, O. M. og Lee, R. (2012). Cultural socialization in families with adopted Korean adolescents: A mixed-method, multi-informant study. *Journal of Adolescent Research*, 28(1), 69–95.

Lee, R. M., Grotevant, H. D., Hellerstedt, W. L. og Gunnar, M. R. (2006). Cultural socialization in families with internationally adopted children. *Journal of Family Psychology*, 20(4), 571–580.

Massatti, R. R., Vonk, M. E. og Gregoire, T. K. (2004). Reliability and validity of the transracial adoption parenting scale. *Research on Social Work Practice*, 14(1), 43–50.

McGinnis, H., Smith, S. L., Ryan, S. D. og Howard, J. A. (2009). *Beyond culture camp: Promoting healthy identity formation in adoption*. Sótt af http://www.adoptioninstitute.org/publications/2009_11_BeyondCultureCamp.pdf

Mohanty, J., Keokse, G. og Sales, E. (2006). Family cultural socialization, ethnic identity, and self-esteem: Web-based survey of international adult adoptees. *Journal of Ethnic and Cultural Diversity in Social Work*, 15(3–4), 153–172.

Mohanty, J. og Newhill, C. (2006). Adjustment of international adoptees: Implications for practice and a future research agenda. *Children and Youth Services Review*, 28(4), 384–395.

Mohanty, J. og Newhill, C. E. (2011). Asian adolescent and young adult adoptees' psychological well-being: Examining the mediating role of marginality. *Children and Youth Services Review*, 33(7), 1189–1195.

Neil, E. (2012). Making sense of adoption: Integration and differentiation from the perspective of adopted children in middle childhood. *Children and Youth Services Review*, 34(2), 409–416.

Noy-Sharav, D. (2002). Good enough adoptive parenting: The adopted child and self-object relations. *Clinical Social Work Journal*, 30(1), 57–76.

Palacios, J. og Brodzinsky, D. (2010). Review: Adoption research: Trends, topics, outcomes. *International Journal of Behavioral Development*, 34(3), 270–284.

- Ponte, I. C., Wang, L. K. og Fan, S. P. (2010). Returning to China: The experience of adopted Chinese children and their parents. *Adoption Quarterly*, 13(2), 100–124.
- Quiroz, P. A. (2007). *Adoption in a color-blind society*. New York: Rowman og Littlefield.
- Quiroz, P. A. (2012). Cultural tourism in transnational adoption: “Staged authenticity” and its implications for adopted children. *Journal of Family Issues* 33(4) 527–555.
- Randolph, T. H. og Holtzman, M. (2010). The role of heritage camps in identity development among Korean transnational adoptees: A relational dialectics approach. *Adoption Quarterly*, 13(2), 75–99.
- Reinoso, M., Juffer, F. og Tieman, W. (2013). Children’s and parents’ thoughts and feelings about adoption, birth culture identity and discrimination in families with internationally adopted children. *Child and Family Social Work*, 18(3), 264–274.
- Richardson, C. (2011). Transracial adoption: Promoting racial literacy or perpetuating colorblind racism? *McNair Scholars Research Journal*, 7(1), 79–88.
- Samuels, G. M. (2009). “Being raised by white people”: Navigating racial difference among adopted multiracial adults. *Journal of Marriage and Family*, 71(1), 80–94.
- Scherman, R. M. (2010). A theoretical look at biculturalism in intercountry adoption. *Journal of Ethnic and Cultural Diversity in Social Work*, 19(2), 127–142.
- Scheunemann, J. (2011). *Development of bicultural competence*. Erindi á Counselor education and counseling psychology research exchange conference, Milwaukee. Sótt af <http://epublications.marquette.edu/researchexchange/2011/Posters/9/>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.
- Svensden, L. (2012). At tale om adoption med sit barn: Det er aldrig for tidligt at få det sagt! Í B. K. Høgsberg og A. Buch-Illing (ritstjórar), *Adoptionshåndbogen – Det adopterede barn i familien, i dagtilbud og skole* (bls. 141–167). Kaupmannahöfn: Hans Reitzel.
- Tan, T. X. og Jordan-Arthur, B. (2012). Adopted Chinese girls come of age: Feelings about adoption, ethnic identity, academic functioning, and global self-esteem. *Children and Youth Services Review*, 34(8), 1500–1508.
- Tessler, R. og Gamache, G. (2006). Thinking about bicultural socialization. *China Connection: A national newsletter for China-adoptive families*, 12(1), 27–28.
- Tessler, R., Gamache, G. og Adams, G. (2009). Bi-cultural socialization and ethnic identity in daughters adopted from China. *Journal of Social Distress and the Homeless*, 18(3–4), 131–167.
- Tessler, R., Tuan, M. og Shiao, J. L. (2011). The many faces of international adoption. *Contexts*, 10(4), 34–39.
- Thomas, D. (1986). Culture and ethnicity: Maintaining the distinction. *Australian Journal of Psychology*, 38(3), 371–380.
- Thomas, K. A. og Tessler, R. (2007). Bicultural socialization among adoptive families: Where there is a will, there is a way. *Journal of Family Issues*, 28(9), 1189–1219.
- Tran, A. G. og Lee, R. M. (2010). Ethnic-racial socialization, ethnic identity, and social competence among Asian American late-adolescents. *Cultural Diversity and Ethnic Minority Psychology*, 16, 169–178.

„... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...“: Tvímenningarlegur heimur ættleiddra barna

Vashchenko, M., D'Aleo, M. og Pinderhughes, E. E. (2012). “Just beyond my front door”: Public discourse experiences of children adopted from China. *American Journal of Community Psychology*, 49(1–2), 246–257.

Whitehead, K. A., Ainsworth, A. T., Wittig, M. A. og Gadino, B. (2009). Implications of ethnic identity exploration and ethnic identity affirmation and belonging for intergroup attitudes among adolescents. *Journal of Research of Adolescence*, 19(1), 123–135.

Þorlákur Karlsson. (2003). Spurningakannanir: Uppbygging, orðalag og hættur. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 331–356). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Um höfund

Jórunn Elíadóttir (je@unak.is) er dósent við kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hún er leikskólakennari, lærði sérkennslufræði í Noregi (1983–1988) og lauk doktorsprófi í sérkennslufræðum frá Worcester University 2002. Hún var á árum áður leikskólasérkennari, sérkennari og sérkennsluráðgjafi í grunnskólum. Helstu rannsóknarsvið hennar eru málefni er varða ættleidd börn, sérkennslufræði, skóla án aðgreiningar og leikskólafræði.

Efnisorð

ættleidd börn – ættleiðingar – tvímenningarleg félagsmótun – sjálfsmynd – tengsl við upprunann

About the author

Jórunn Elíadóttir (je@unak.is) is a senior lecturer at the Faculty of Education, School of Humanities and Social Sciences, University of Akureyri. She is an early childhood teacher, studied special education in Norway (1983–1988) and completed a PhD in special education from Worcester University in 2002. She has been a special preschool teacher as well as special teacher and counsellor in special education at the compulsory school level. Her research interests concern adopted children, special education, inclusive education and early childhood education.

Key words

adopted children – adoption – bicultural socialization – identity – connections to the land of origin



Jórunn Elíadóttir. (2013). „... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...“: Tvímenningarlegur heimur ættleiddra barna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/017.pdf>